

Alþingi
Erindi nr. P 133/595
komudagur 7.12.2006



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

30. nóvember 2006

Varðar: Umsögn Hitaveitu Suðurnesja hf um þingsályktunartillögu “um úttekt á hækkun rafmagnsverðs”.

Hitaveita Suðurnesja hf (HS hf) hefur í sjálfu sér engar athugasemdir við að slík úttekt verði gerð telji Alþingi það þjóna einhverjum tilgangi. HS hf vill þó nota tækifærið til að benda á nokkur atriði sem málið varða.

- Í svokallaðri 19 manna nefnd sem vann að lokaundirbúningi raforkulaganna áttu m.a. sæti fulltrúar allra þingsflokka. Undirritaður vill fullyrða að það hefur ekkert gerst í þessum málum sem ekki var á þeim tíma bent á að hlyti að gerast en á það var á þeim tíma alls ekki hlustað. Fulltrúar OR og HS hf töldu raforkulögin leiða til 15 – 20% hækkunar raforkuverðs hjá fyrirtækjunum þegar löggin væru að fullu komin til framkvæmda og er það nærri lagi hjá HS hf a.m.k.
- Verðjöfnun var leynt og ljóst meginmarkmið raforkulaganna og það er ekki ásættanlegt að menn vakni á eftir og þykist ekki hafa gert sér grein fyrir að slík tilfærsla leiðir ekki bara til lækkunar hjá þeim hæstu heldur leiðir slíkt til hækkunar hjá flestum hinna.
- Rekja má stóran hluta hækkana til einokunarhlutans því löggin hváðu á um gegnsæi og hlutlægni og að allir ættu að taka eðlilegan þátt í rekstri dreifikerfanna og því lentu margir sem notið höfðu óeðlilega lágra taxa í að fá á sig umtalsverðar hækkanir.
- Stofnun sérstaks fyrirtækis um flutning raforku sem yfirtók og endurvakti mikið af óarðbærum mannvirkjum, aðallega frá ríkisfyrirtækjunum, leiddi til umtalsverðs kostnaðarauka, sérstaklega á dreifiveitusvæði HS hf þar sem hækkanirnar urðu mestar. Af þessum óarðbæru eignum fá fyrirtækin einnig reiknaðan arð í samræmi við löggin. Reynslan hefur að mati HS hf sýnt að ótti um að Landsnet hf yrði dýrt bákni áttu við full rök að styðjast og stefnir í að sá þáttur hafi jafnvel verið vanmetinn.

- Af lögnum leiðir eins og spáð var mikill innri kostnaðarauki fyrir alla sem koma að rekstri veitukerfa og sölu raforku. Sérstök eftirlitsgjöld þarf að greiða, stofna þurfti sérstakt aðskilið fyrirtæki til að halda utan um mælingar o.fl. (Netorka) sem bæði krafðist hlutafjár frá orkusfyrirtækjunum í upphafi og síðan stöðugra mánaðarlegra þjónustugjalda í framtíðinni. Það er flókið og kostnaðarsamt að gera upp allt raforkuflæði og raforkuviðskipti í landinu upp klukkustund fyrir klukkustund 8.760 stundir á ár. Þá hefur eftirlitsaðilinn (OS) reynst óþreytandi í að búa til vinnu fyrir þá aðila sem að hans eftirlit nær til með tilheyrandi kostnaði.
- Vart er hægt að rekja hækkun raforkuverðs til sölubáttarins þar sem samkeppni ríkir því orkusöluvirkjarnar eru öll að selja raforku til almennings og fyrirtækja á verði sem er undir heildsöluverði Landsvirkjunar sem er markaðsráðandi á framleiðslusviðinu.

Segja má að helsti gallinn sé sá að allt þetta umstang er ekki og getur vart á neinn hátt skilað sér í aukinni hagkvæmni reksturs raforkukerfanna eða framleiðslunnar þar sem t.d. breytilegur kostnaður í þessum rekstri er hverfandi.

Þetta eru helstu atriðin sem HS hf vill á þessu stigi benda á og benti reyndar á áður en lögín voru samþykkt, án þess að um tæmandi lista sé að ræða.

Virðingarfyllst,



 Félags Hitaveitu Suðurnesja hf
 Hitaveita Suðurnesja hf
 1075-0109
 Jónas Jónsson
 forstjóri